



Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/936  
komudagur 27.2.2002

HÓLASKÓLI HÓLUM Í HJALTADAL 551 Sauðárkrókur Sími: 453-6300  
Fax: 453-6301 Vefsíða: [www.holar.is](http://www.holar.is) Netfang: [holar@holar.is](mailto:holar@holar.is)

Hólar, 25. febrúar, 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál**

Þar eð fiskeldisframleiðsla mun vaxa hröðum skrefum á næstu árum er mikilvægt að settur verði lagalegur og stjórnsýslulegur rammi fyrir atvinnuvegin. Einn þáttur í því er að tilnefna það ráðuneyti, sem á að hafa yfirumsjón mála er varða fiskeldi. Augljóslega munu þó fleiri ráðuneyti koma að málinu, því landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfissráðuneyti fjalla öll með beinum hætti um málefni fiskeldis.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi yfirumsjón með málefnum fiskeldis. Þetta er afar óheppilegt fyrirkomulag. Það er mun eðlilegra að fela einu ráðuneyti alla yfirstjórn fiskeldis, en tryggja jafnframt aðkomu annarra ráðuneyta að málinu. Með þessu verður stjórnun á fiskeldi skilvirkari og koma má í veg fyrir óvissu um það hver eigi að fjalla um mál mismunandi fiskeldistegunda. Það er enginn eðlismunur á eldi vatnafiska og þeirra tegunda sem í frumvarpinu eru nefndar nytjastofnar sjávar. Þannig verður ekki séð að nein gild rök hnígi að því að laxeldi í kvíum í sjó heyri undir annað ráðuneyti en kvíaeldi á þorski. Sennilegt er, að hér á landi verði í framtíðinni aldar tegundir annars staðar að úr heiminum eins og barri og tilapia. Barri er sjávarfiskur, þó engan veginn sé hægt að telja hann til nytjastofna sjávar við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu ætti barri sennilega að heyra undir sjávarútvegsráðuneytið. Tilapia er, líkt og barri, alin í kerjum á landi, en hún er vatnafiskur og myndi þess vegna falla undir landbúnaðarráðuneytið. Það er engin ástæða til þess að sitt hvort ráðuneytið fjalli um málefni þessara tegunda. Þvert á móti tel ég að það séu hagsmunir fiskeldis að það sé eitt ráðuneyti sem hafi yfirumsjón með málefnum greinarinnar allrar.

Samanlögð framleiðsla þeirra tegunda sem teljast til "nytjastofna sjávar" er minni en 150 tonn á ári og innan við 5% af heildarfiskeldisframleiðslu Íslendinga. Það er einnig fyrirsjáanlegt að "nytjastofnar sjávar" munu ekki verða stærri hluti af fiskeldisframleiðslu Íslendinga á næstu 5-10 árum. Þess vegna virðist augljóst að fela beri landbúnaðarráðuneyti yfirstjórn yfir fiskeldi fyrst um sinn.

Virðingarfyllt

Helgi Thorarensen  
Deildarstjóri fiskeldisbrautar Hólaskóla  
Hólar Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur